



Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

Ráðstefna Öldrunarráðs Íslands um sveigjanleg
starfslok 9. febrúar 2006.

Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða



Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

- Spurningin er tvíþætt:
- Að hvaða marki hefur snemmtaka lífeyris áhrif á lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóðanna?
- Hvaða áhrif hefur snemmtaka lífeyris á fjárhagslega stöðu sjóðfélaganna?



Áhrif á lífeyrissjóðina?

- Almennur ellilífeyrisaldur er 67 ár.
- Algengast er að hægt sé að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs eða fresta henni til 70 ára aldurs.
- Reglur um flýtingu eða frestun á töku ellilífeyris eru þannig reiknaðar að skuldbindingar lífeyrissjóðanna eiga hvorki að aukast eða minnka, hvort sem sjóðfélaginn velur að taka lífeyri fyrr eða seinna.




Áhrif á fjárhæð ellilífeyris, ef hann er tekinn fyrir eða eftir 67 ára aldur.

- Reglur um flýtingu eða frestun á töku ellilífeyris eru þannig reiknaðar að að sjóðfélaginn á hvorki að hagnast né tapa, hvort sem hann velur að taka lífeyri fyrr eða seinna.
- Almenna reglan ef sjóðfélaginn lifir jafnlengi og meðalævilengd segir til um!






Flýting eða frestun lífeyrisgreiðslna



Mynd 7.2 Lífeyrissjóðir bjóða sjóðfélögum nokkurn sveigjanleika þegar kemur að töku lífeyris. Myndin sýnir hvaða áhrif flýting eða frestun hefur á lífeyrisgreiðslur hjá lífeyrissjóði sem miðar við 67 ára aldur en heimilar sjóðfélögum að hefja töku lífeyris 65 ára eða fresta lífeyrisgreiðslum til 70 ára aldurs. Ef sjóðfélaginn hefur töku lífeyris 66 ára fær hann 93% af áunnum réttindum sem miðast við 67 ára aldur en ef hann frestar töku lífeyris til 68 ára aldurs fær hann 107%.

Hvenær borgar sig að hefja töku ellilífeyris úr lífeyrissjóðum?

Mismunur á núvirði uppsafnaðra lífeyrisgreiðslna hjá einstaklingi sem flýttir töku lífeyris til 65 ára aldurs eða frestar til 70 ára aldurs



Mynd 7.3 Myndin sýnir hagnað eða tap af því að flýta eða fresta töku ellilífeyris frá 67 ára aldri. Sá sem flýttir töku lífeyris tapar á því ef hann lifir lengur en til 84 ára aldurs en sá sem frestar töku lífeyris hagnast á því ef hann lifir lengur en til 94 ára aldurs. Í dæminu er reiknað með að einstaklingur eigi rétt á 100 þúsund krónum frá 67 ára aldri og miðað við 4,5% vexti.



Lífslíkur


- Hafa sífelld farið batnandi h rlendis.
- “Statistik” um l fsl kur voru endursko aðar   fimm  ra fresti.
- H f u mikil  hrif   skuldbindingarnar til h kkunar.
- N  endursko aðar oftar til þess   draga  r sveiflum hj  sj  unum.
- Getum vi  sp   fyrir um breytingar fyrir n estu  ratugi?



Maðalævilengd Íslendinga við 65 ára aldur


○	Próun undanfarna áratugi fyrir 65 ára		
○	Tímabil	Konur	Karlar
○	1971-75	17,8	15,0
○	1981-85	18,7	15,5
○	1991-95	19,3	16,4
○	1996-00	19,6	16,7
○	2001-03	20,5	17,7
○	Lenging	2,7	2,7

Breytingar á ævilengd kvenna



Fólk lifir lengur en áður

Áætlaður meðalaldur eftirlaunaþega



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1.1 Myndin sýnir hvernig meðalævi Íslendinga hefur lengst á árunum 1901–2000. Samkvæmt þessu getur 65 ára einstaklingur í byrjun 21. aldarinnar búist við því að lifa í 19 ár til viðbótar. Í byrjun 20. aldarinnar var þessi tími 12 ár og um miðja 20. öldina 16 ár.



Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

- Sá sem ákveður að flýta töku ellilífeyris fær lægri lífeyrisgreiðslur í lengri tíma.
- Það fer eftir aðstæðum hjá hverjum og einum sjóðfélaga og reglum hjá einstökum sjóðum hvenær það borgar sig að hefja töku ellilífeyris.



Fjögur dæmi:

1. Ef sjóðfélaginn er ekki heilsuhraustur og hefur ástæðu til að ætla að hann lifi ekki lengi er líklegt að það borgi sig að hefja töku ellilífeyris sem fyrst.
2. Ef sjóðfélaginn er heilsuhraustur og það er langlífi í ætt hans kann að vera skynsamlegt að bíða með töku lífeyris til 67 ára aldurs eða jafnvel fresta töku hans til 70 ára aldurs.



Fjögur dæmi:

- Ef sjóðfélaginn á lítil lífeyrisréttindi er hugsanlegt að það borgi sig að byrja fyrr og auka þannig líkur á því að fá tekjutengdan lágmarkslífeyri frá almannatryggingum við 67 ára aldur.
- Hægt er að taka út viðbótarlífeyrissparnað frá 60 ára aldri í ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma að sem vantar uppá 67 ára aldurinn. Ef lífeyrisréttindi úr lífeyrissjóði eru rýr kann að vera skynsamlegt að taka út viðbótarlífeyrissparnaðinn fyrir töku ellilífeyris hjá TR.




Samspil við bætur almannatrygginga


- Greiðslur frá lífeyrissjóðum og útborgun viðbótarlífeyrissparnaðar geta lækkað bætur frá almannatryggingum, en þó ekki grunnlífeyri almannatrygginga.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn.


Taka ellilífeyris eftir aldri 2003 og 2004



Fjöldi lífeyrispega, sem hófu töku ellilífeyris frá janúar 2005 hjá almennu lífeyrissjóðunum.



“Framhlaðinn ellilífeyrir”





“Aldraðir yfirstétt framtíðarinnar”

Lífeyrisþegar
hafa nú fjárhagslegu sjálfstæði
eru að verða óháðir ríkisvaldinu



Frá nútíðar til framtíðar 2040

Hlutfall atvinnutekna við starfslok

□	Lífeyrir lífeyrissjóðs	69%
□	Séreignarlífeyrir	15%
□	Almannatryggingar	4%
	Atvinnutekjur	3%
□	Útgreiðsla arfs	10%
□	Samanlagt	101%



Borgar sig að flýta töku ellilífeyris?

- Ekkert einfalt svar, því miður!
- Fer m.a. eftir
 - Efnahag
 - Heilsufarslegum aðstæðum
 - Vinnutekjum
 - Fjölskylduaðstæðum
 - Skattalegri meðhöndlun tekna
 - Lífsviðhorfum

Kærar þakkir fyrir gott hljóð!

